

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samið og samþykkt sam- 92
kvæmt lögum nr. 41 15. marz 1951, um vinnumiðlun, staðfestist hér með til þess að 30. apríl
öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. apríl 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jónas Guðmundsson.

Staðfesting handhafa forsetavaldsins á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð 93
Árnesinga“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. maí 5. maí
1952. — Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Minningarsjóð Árnesinga.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður við lát síra Árna Sigurðssonar frikirkjuprests, sem var Árnesingur að ætt og uppruna, og er stofnféð gjafir þær, er söfnuðust til minningar um hann látinn.

2. gr.

Árnesingafélagið í Reykjavík, er hafði frumkvæði að sjóðstofnun þessari, ákvað þá þegar, að sjóðurinn skyldi efldur með minningargjöfum um látna Árnesinga og heita Minningarsjóður Árnesinga. Stofnfé sjóðsins er kr. 5685.00.

3. gr.

Þegar sjóðurinn hefur aukizt svo sem síðar segir, skal honum varið til styrktar fátækum, efnilegum námsmönnum úr Árnessýslu, hvort sem þeir stunda nám sitt innan héraðs síns eða utan.

4. gr.

Þegar fjárhæð minningarsjóðsins nemur kr. 25000 — tuttugu og fimm þúsund krónum —, heimilast stjórn sjóðsins að greiða $\frac{3}{5}$ hluta af vöxtum hans í styrk til 1—3 nemenda árlega, og eftir að sjóðurinn er orðinn kr. 100 000, þá alla vexti hans. Veita má sama nemanda styrk úr sjóðnum allt að þremur árum, eftir því sem námi hans og efnahag er háttað.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrjú menn til fjögurra ára í senn. Skal einn þeirra valinn af sýslunefnd Árnessýslu, annar af Árnesingafélaginu í Reykjavík, en hinn þriðji tilnefndur af menntamálaráðherra, og skal hann vera formaður sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Verkefni stjórnarinnar skulu vera að varðveita sjóðinn hverju sinni á sem tryggilegastan og hagkvæmastan hátt og ákveða, hverjir skuli njóta styrks úr honum, er til þess kemur. Stjórnin lætur gera minningarspjöld, er minningargjafir til sjóðsins eru skráðar á, svo sem venja er til, og hefur þau til afhendingar á hæfilega mörgum stöðum. Enn fremur heldur stjórnin gerðabók og reikningabók fyrir fundargerðir sínar og fjárreiður sjóðsins. Í reikningabókina skulu færð nöfn allra þeirra, sem minningargjafir hafa verið gefnar um. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram endurskoðaðir á aðalfundi Árnesingafélagsins í Reykjavík.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forsetans á skipulagsskrá þessari.